

Mál nr. 269/2016
M og
vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar húsvagna (húsvagnatryggingar).

Markisa feyktist upp á hjólhýsi í vindhviðu 27.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið 30.8.2016 ásamt fylgiskjölum 1-3.
2. Bréf V dags. 6.9.2016. ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M segir að markisa hafi fokið upp á toppinn á hjólhýsi hennar í vindhviðu þar sem hún var stödd á Kollaleiru í Reyðarfirði og krefst bóta úr húsvagnatryggingu sinni hjá V. M segir að skv. veðurmælingu hafi vindhraði verið mestur í hviðum 12.38 m/sek og það sé sanngirnismál að hún fái bætur úr tryggingunni. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki sé um aláhættutryggingu að ræða og bótasvið tryggingarinnar afmarkað í 4. gr. vátryggingarskilmála, en í grein 4.8 segi að félagið bæti tjón á hinu vátryggða vegna óveðurs og óveður sé skilgreint þannig að með óveðri sé átt við þegar vindhraði mælist 28.5 m/sek skv. vottorði Veðurstofu Íslands. V segir að upplýsingar liggja fyrir um vindhraða í umrætt sinn á Kollaleiru sem sé í næsta nágrenni við staðinn þar sem tjónið varð og hafi hann verið mestur 13 m.sek og tjónið falli því ekki undir bótasvið tryggingarinnar.

Álit.

Samkvæmt upplýsingum sem fyrir liggja um vindhraða á Kollaleiru, þegar tjónið varð, kemur fram að vindur hafi þá mest mælt um 13 m/sek. Gildissvið vátryggingar M takmarkast í vátryggingarskilmálum við þá tjónsatburði sem þar eru tilgreindir. Samkvæmt gr. 4.8 í skilmálum þeirrar vátryggingar sem hér ræðir um, bætur vátryggingin tjón á ökutækjum vegna óveðurs, en með óveðri er átt við vindhraða sem mælist 28.5 m/sek skv. vottorði Veðurstofu Íslands. Miðað við fyrirliggjandi gögn þá var mesti vindhraði í næsta nágrenni við þann stað þar sem tjónið varð 13 m/sek eða langt undir þeim viðmiðunarmörkum sem vátryggingaskilmálar marka varðandi óveður. M á því ekki rétt á bótum úr húsvagnatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húsvagnatryggingu sinni hjá V

Reykjavík 27.9.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.